



# Kjalvegur hinn forni

## Upplýsingar um leiðina - Informations about the trail

### 🇫🇮 Kjalvegur hinn forni - Gönguleið.

Hér er upphaf gönguleiðarinnar suður Kjöl, en fyrir þá sem koma úr Hvítárnesi er þetta endir leiðarinnar. Leiðin er um 39km löng og flestir ganga hana á þremur dögum en sumir bæta við degi með fleiri en einni nótt á áfangastöðunum á leiðinni, því nóg er að sjá og skoða þar í kring. Um aldir hefur leiðin yfir Kjöl verið ein megin leiðin á milli landshluta, enda þægilegri yfirferðar en Sprengisandur því leiðin er bæði styttri og grösugri sem kom sér vel þegar hestar voru helsti samgöngumátinn.

Leiðin sem gengin er og þetta skilti markar upphaf að er önnur hinna fornu leiða yfir Kjöl, oft nefndur „Kjalvegur hinn forni“ á meðan hin leiðin fór ekki um Þjófadali, heldur lá austan við Kjalfell um öllu eyðilegri slóðir en var í við styttri. Leiðarinnar er fyrst getið í Landnámu en þrellinn Rönguður sem fyrstur fór þar yfir hlaut fresli að launum.

Kjalvegur hinn forni var mikilvæg samgönguleið var á miðöldum. Þar má nefna að allir viðir í nýja dómkirkju að Hólum árið 1106 voru fluttir frá Eyrarbakka yfir Kjöl og hér dvaldi útlaginn Grettir Ásmundarson eitt sumar og við hann er kenndur Grettishellir.

Á Sturlungaöld voru ferðir manna tíðar yfir Kjöl. Yfir Kjöl hélt Gissur með lið sitt, er hann lagði til atlögu við Sturlu og Sighvat á Örlygsstöðum þar sem ein mesta orrusta sem háð hefur verið á Íslandi átti sér stað síðsumars 1238.

Ein þekktasta Kjalferð allra tíma er án efa ferð Reynisstaðabræðra yfir Kjöl haustið 1780, en þeir urðu hér úti ásamt þrem mönnum öðrum. Í áratugi eftir það lögðust ferðir yfir Kjöl nánast af enda veit enginn hvað gerðist þar í raun.

Á leiðinni munum við sjá vörður en þær eru ekki svo ýkja gamlar. Eystrí leiðin var vörðuð um 1920 og sú vestari sem við erum að fara var vörðuð um svipað leiti. Um áratug síðar var svo syðri hluti Kjalvegur varðaður.



**Skýringar á korti:**

- Kjalvegur hinn forni
- Auka leiðir (Other routes)
- Skálar (Huts)
- Akvegir (Roads)
- Jeppaslóðar (4x4 roads)

Km. 1 2 3 4 5

**Virðum landið og förum um það eins og við viljum koma að því.**

Gangið á skilgreindum stígum séu þeir til staðar og gangið aldrei á óspilltum mosa eða viðkvæmum gróðri.

Takið með ykkur allt sorp.

Hlaðið ekki vörður né hrófið við jarðminjum.

Farið vel afsíðis til að ganga örna ykkar og grafið úrganginn ef það er mögulegt.

Þeir sem pantað hafa pláss hafa forgang á notkun skála.

**Respect the nature and leave it as we want to see it when we arrive.**

Always use walking paths to minimize impact on nature and geological features. Never walk on unspoiled moss.

Take all rubbish with you from the area and bring it to the next waste depot.

Do not build cairns or disrupt geological formations.

Bury all human waste as far from trails and camping grounds as possible.

Those who have booked in advance have a priority to the huts.



Skálinn Ferðafélags Íslands í Hvítárnesi

### 🇬🇧 Kjalvegur, hiking trail.

This is the starting point of the hiking trail south of Kjölur (Keel in English), but for those coming from the other direction, this is the end of the hiking trail. The route is 39km long and most people hike it in three days. Others spend more than one night at each destination on the route because there is much to see and explore around there. For centuries, the route over Kjölur has been one of the main routes between the North- and South parts of the country.

The route which this sign marks the beginning of, is one of the ancient routes over Kjölur, often called "Kjalvegur the old". The other route did not go through Þjófadalur, but lay east of Kjalfell through a more desolate area but was a little shorter. The route is first mentioned in "The Book of Settlements," Landnáma, but the slave who was the first to cross it, got his freedom in return. One of the most famous journeys over Kjölur of all time is without a doubt the journey of the brothers of Reynisstaðir in the autumn of 1780, but they died in a snow storm along with three other men. For decades after that, trips over Kjölur almost stopped, as no one really knows what happened there. On the way we will see cairns but they are not that old. The eastern route and the western one which we are about to walk now were both guarded around 1920. About a decade later, the southern part of Kjalvegur was marked with cairns.



**VILLUGJARNT**  
EASY TO GET LOST



**HVASSIR VINDAR**  
STRONG WIND



**GRJÓTHRUN**  
LOOSE ROCKS



**ÞOKA**  
FOG



Takið nærmyndir af þessum skiltum og hafið upplýsingar þeirra með í gönguna.

Take close-up pictures of these signs to keep the informations by hand during your trip.

**Gott að hafa í huga þegar farið er í gönguferðir:**

1. Skiljið eftir ferðaáætlun á [www.safetravel.is](http://www.safetravel.is)
2. Kynnið ykkur veðurspá og miðið ferðaáætlun við hana.
3. Ferðist aldrei ein.
4. Ábyrgir ferðamenn snúa við áður en það er of seint.
5. Vitið þið hvert þið eruð að fara og hvar leiðin endar?
6. Þið þurfið öryggisbúnað einnig með í styttri gönguferðir.
7. Hér er engin vetrarþjónusta. Vegir öruggdir og skálar læstir.

**Consider this before hiking:**

1. Always leave your travel plan with someone who can react if needed or at [www.safetravel.is](http://www.safetravel.is)
2. Check the weather forecast.
3. Never hike alone.
4. Responsible hikers know that the best practise is to turn back too early than too late.
5. Do you know where you are going and where the route ends?
6. You need safety gear, even in shorter hikes.
7. Here is no winter service. Uncleared roads and huts are locked.

### Mismunandi árstíðir Different seasons



- Vetrarmánuðir.** Hætt! Farið ekki um svæðið nema með réttan búnað og næga þekkingu. Winter. Danger. You need special equipment and experience.
- Vor og haust.** Breytilegar aðstæður. Farið alltaf vel búin og kynnið ykkur veðurspár. Autumn, spring. Variable conditions. Check the weather forecast.
- Sumar.** Gönguleiðir færar flesta daga og krefjast ekki sérbúnaðar. Hugið alltaf að aðstæðum. Summer. Safest season to hike, but have the right gear.

